

229. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,

fimmtudaginn, 21. febrúar 2019.

Mættir:

Stjórnarmenn: Dagbjört Pálsdóttir formaður, Ásgeir Örn Blöndal, Katrín Sigurjónsdóttir, Valtýr Hreiðarsson og Pröstur Friðfinnsson.

Starfsmenn: Sigmundur Einar Ófeigsson framkvæmdastjóri og Baldvin Valdemarsson (ritaði fundargerð).

Formaður setti fundinn kl. 15.00 og bauð stjórnarmenn velkomna.

1. Undirritun fundargerðar nr. 228.

Fundargerð síðasta fundar undirrituð án athugasemda.

2. Eyping.

Ekkert í síðustu fundargerð Eypings gefur tilefni til skoðunar.

3. Uppbyggingarsjóður.

Sagt frá nýlegri úthlutun úr Uppbyggingarsjóði. Frá starfssvæði Afe bárust 28 umsóknir. Samanlögð fjárhæð umsókna var rúmlega 100 m. kr. 15 verkefnum var veittur styrkur, samtals að fjárhæð kr. 25.250.000. Lægsti styrkurinn var kr. 500.000 og sá hæsti kr. 5.000.000.

4. Atvinnutækifæri og opinber störf.

Framkvæmdastjóri greindi frá tveggja daga heimsókn stjórnar Matís til Eyjafjarðar. Stjórnin fékk kynningu á viðamikilli starfsemi matvæla fyrirtækja við fjörðinn. Afe hefur lagt mikla áherslu á að þjónusta Matís á svæðinu verði betri með því að hafa öfluga starfsstöð á svæðinu.

Sagt frá áhugasömum erlendum aðilum í hátækniiðnaði sem eru að skoða svæðið og hugsanlegar staðsetningar.

Einnig sagt frá fyrirspurnum um gagnaver, sem farin eru að berast þar sem nú hillir undir að raforkuskorti svæðissins ljúki á næstu árum.

Farið yfir og rætt um tækifæri og ógnanir í fiskeldi við fjörðinn. Fram kom að verið er að vinna úr viðamiklu efni ráðstefnunnar sem haldin var í Hofi þann 19. janúar sl., og koma því á heimasíðuna okkar. Einnig að samið hafi verið við RHA um þátttöku í spurningavagni, þar sem við keyptum þrjár spurningar, um viðhorf almennings við fjörðinn til fiskeldis.

5. Starfsmannamál.

Helga María hefur þegar hafið störf hjá Eypingi. Ekki er ráðgert að fara út í frekari skammtímaráðningar en ekki er útilokað að ráða verktaka í einstök verkefni ef þannig stendur á.

6. Önnur mál

Framkvæmdastjóri greindi frá uppgjörsvinnu með bókara félagsins.

Samþykkt að breyta fundartíma þarnaesta stjórnarfundar til 9. apríl kl 15:00

Umræður um sameiningu eða samrekstur atvinnuþróunarfélaganna og Eypings.

SEO
KS
JH

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 16:45

Naama Páladóttir

Jóhanna Sigurðardóttir

Andri

Fróðna Þóðjunn

Sigrún Ólafsson